

Samgöngusamningur

1.gr.

Við undirritun þessa samnings gengst starfsmaður undir það að ferðast ekki einn með einkabíl til og frá vinnu heldur með vistvænum ferðamáta, s.s. að ganga, hjóla, eða ferðast með almenningssamgöngum.

2.gr.

Starfsmenn í 50 - 100% starfi hjá faxaflóahöfnum sf., sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti í a.m.k. 80% tilvika (fjóra daga í viku) eiga rétt á mánaðarlegum samgöngustyrk Faxaflóahafna sf að upphæð kr. 6.000 á mánuði.

Fastráðnir starfsmenn í 33% - 49% starfi fá helming þeirrar fjárhæðar.

Styrkurinn er undanþeginn staðgreiðslu, sbr. 1. tl. 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Starfsmaður velur eftirfarandi vistvænan ferðamáta:

- Að ferðast að jafnaði með strætivagni til og frá vinnu.
- Að hjóla á raf- eða reiðhjóli eða ganga að jafnaði til og frá vinnu

Starfsmaður sem nýtir almenningssamgöngur Strætó bs. vegna ferða til og frá vinnu, í samræmi við 1. gr. þessa samnings, á í stað ofnagreindrar greiðslu kost á því að sækja um samgöngukort Strætó, Samgöngukortin gilda í 12 mánuði en eru á verði 9 mánaða korts. Starfsmaður sækir um samgöngukortið á vefsvæði Strætó bs.

- Undirritaður starfsmaður hyggst sækja um samgöngukort frá Strætó bs. og samþykkir að Faxaflóahafnir láti Strætó bs. í té upplýsingar um nafn og kennitölu við vinnslu umsóknarinnar hjá Strætó bs.

3.gr.

Samgöngustyrkur til starfsmanna sem eru frá starfi vegna foreldraorlofs eða langtímaleyfis fellur niður. Standi veikindi starfsmanns samfelt í einn mánuð eða lengur fellur samgöngustyrkur niður sem fjarveru nemur.

4.gr.

Heimilt er að birta lista með nöfnum starfsmanna sem gert hafa samgöngusamninga á innri vef Faxaflóahafna.

5.gr.

Samningur þessi gildir í eitt ár og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Samningurinn fellur úr gildi við starfslok.

Reykjavík _____